

um málsins, að stefnanda hafi tekizt að sanna að nefnd veðsetning hafi verið með þeim hætti, að hana beri að rifta, samkv. 28. gr. 1. nr. 25, 14. júní 1929. Með tilliti til þessarar niðurstöðu þykir rétt að stefnandi, skiptaráðandi Þórður Eyjólfsson, f. h. þrotabús Gísla J. Johnsen, greiði stefndum, Útvegsbanka Íslands h/f, kr. 250 í málskostnað.

Miðvikudaginn 31. jan. 1934.

Nr. 43/1933. **Bæjarstjórn Hafnarfjarðar**

(Stefán Jóh. Stefánsson)

gegn

Hellyer Bros Ltd. (Lárus Fjeldsted).

Útsvarsmál.

Úrskurður fógataréttar Hafnarfjarðar 10. marz 1933:
Hin umbeðna lögtaksgjörð skal ekki ná fram að ganga.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir í hæstarétti krafizt þess, að hin-um áfrýjaða úrskurði verði breytt á þá leið, að lög-tak skuli fram fara í eignum hins stefnda firma fyrir útsvari því, er ræðir um í máli þessu, og að hið stefnda firma verði dæmt til að greiða máls-kostnað í hæstarétti eftir mati réttarins. Af hálfu stefnds er þess krafizt, að úrskurðurinn verði stað-festur, og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða hæfilegan málskostnað í hæstarétti.

Hið stefnda firma á eigi lögheimili hér á landi, en áfrýjandi telur það útsvarskylt til bæjarsjóðs Hafnarfjarðar samkv. 1. nr. 46, 15. júní 1926 gr. 6 B. 2, þar sem það eigi eignir í Hafnarfirði, er arð gefi. Hefir áfrýjandi skýrt svo frá, að auk fast-eigna þeirra, er getið er í forsendum hins áfrýjaða

úrskurðar, eigi stefndu 110 þúsund kr. af hlutafé h/f Skipabryggjan í Hafnarfirði og muni það fyrirtæki vera vel arðberandi. Gegn mótmælum stefndu, er það þó eigi sannað, að þeir séu eigendur umrædds hlutafjár og verður gjaldskylda þeirra þegar af þeirri ástæðu, eigi byggð á þessari eign. Að þessu athuguðu og með því ennfremur að ganga verður út frá því, að fasteignir stefnda í Hafnarfirði hafi engan arð gefið þeim á útsvarsárinu né á gjaldárinu, sbr. 7. gr. útsvarslaganna, og fallast verður á skýringu undirdómarans á umræddu ákvæði 6. gr. útsvarslaganna, ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð. og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í hæstarétti með 300 krónum.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða úrskurði skal óraskað.

Áfrýjandi, bæjarstjórn Hafnarfjarðar, greiði stefnda, Hellyer Bros. Ltd., málskostnað í hæstarétti með 300 krónum að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Við niðurjöfnun útsvara í Hafnarfjarðarkaupstað árið 1932 var firmanu Hellyer Bros, Ltd. gert að greiða kr. 7500,00 útsvar til bæjarsjóðs Hafnarfjarðar. Hefir firma þetta ekki fengizt til að greiða útsvarið og hefir bæjargjaldkerinn þess vegna krafizt, að það verði tekið lögtaki, en firmað mótmælir því, að lögtakið nái fram að ganga og er ágreiningur þessi nú lagður undir úrskurð fógeta-réttarins. Gjörðarbeiðandi styður beiðni sína með því, að gjörðarþoli eigi í Hafnarfirði ýmsar eignir, sem að fasteignamati séu virtar á kr. 326000,00, gerðarþoli hafi og fastan starfsmann í Hafnarfirði til að líta eftir eignum þessum og séu afnot umboðsmanns þessa tekjur af eign-

unum, þar eð maður þessi annist margskonar umboðsmennsku fyrir gjörðarþola. Gjörðarbeiðandi kveður eignum gjörðarþola þannig farið, að mjög auðgert sé að gera þær arðberandi, bæði með því að starfrækja þær og leigja þær og hafi jafnvel verið falazt eftir þeim til leigu. Með hliðsjón af þessu verði að skýra orð laga um útsvör nr. 46, frá 1926, 6. gr. B. 2, „eiga hér eignir er gefa arð. Það sé nægilegt ef eignir manna heimilisfastra erlendis séu almennt hæfar til að gefa arð, enda sé það svo samkvæmt 1. lið 4. gr. útsvarslaganna, að fyrsti grundvöllur útsvars séu „eignir aðila“ án þess að nokkur skilyrði séu sett um það, að eignirnar gefi arð og að bæði í Reykjavík og Hafnarfirði sé lagt sérstaklega á eignir aðilja, jafnvel án tillits til arðs. Þá vísar gjörðarbeiðandi til framlagðs úrskurðar yfirséðanefndar Gullbringu- og Kjósarsýslu frá 24. ágúst 1932, þar sem ákveðið er að útsvar gjörðarþola skuli óbreytt standa eins og niðurröfnunarnefnd hefir ákveðið það, með því að útsvarið hafi verið lagt á gerðarþola eftir sömu reglum og aðra gjaldendur kaupstaðarins. Ennfremur skirskotar gjörðarbeiðandi til framlagðrar útskriftar úr gjörðabók ríkisskattaneðndar, þar sem sé að finna úrskurð nefndarinnar út af kæru gjörðarþola. Ríkisskattaneðndin hafi komið að þeirri niðurstöðu, að gjörðarþoli sé útsvarsskyldur í Hafnarfirði samkvæmt ákvæðum 6. gr. B 2 útsvarslaganna, því að orðin „eiga hér eignir er arð gefa“ beri að skilja sem eignir sem samkvæmt eðli sínu geta gefið arð, ef eigandi vill notfæra sér þær á þann hátt, og að það geti enginn vafi leikið á því, að eignir gjörðarþola séu þess eðlis. Telur gjörðarbeiðandi þessa röksemdaleiðslu öldungis rétta og hljóti hún að verða tekin til greina af dómsstólunum, ekki sízt þegar þess sé gætt, að það virðist beinlínis hafa verið gerðar ráðstafanir til að eignir gerðarþola yrðu ekki arðberandi. Þessari skoðun gjörðarbeiðanda mótmælir gjörðarþoli. Hann kveðst ekki sjá betur, en útsvarið sé lagt á samkvæmt 6. gr. B 2, laga nr. 46 frá 1926, en útsvarið sé ranglega lagt á samkvæmt þeirri grein, því að það skilyrði sé sett í lögunum, að eignirnar gefi arð, en arð hafi eignir hans ekki gefið á útsvarsárinu, enda sé það viðurkennt að svo sé í úrskurði yfirséðanefndar Gullbringu- og Kjósarsýslu frá 24. ágúst 1932. Kveður umboðsmaður

gerðarþola, að afleiðingin af því, ef skilningur gerðarbeiðanda væri lagður til grundvallar, yrði sú, að niðurjöfnunarnefndirnar mundu verða að meta sjálfar hinn ímyndaða arð, sem fengist er eignirnar væru starfræktar, en slíkt geti ekki staðizt. Umboðsmaður gjörðarþola kveður umbjóðanda sinn hafa reynt hin síðari ár að selja eignir sínar í Hafnarfirði og það fyrir miklum mun lægra verð en þær standa honum í, en það hafi reynt alveg árangurslaust gjörðarþoli hefði ef til vill getað fengið litilfjörlegar leigutekjur af fiskreitum sínum og geymsluhúsum, en hann hafi litið svo á, að það svaraði ekki kostnaði og skemmdum og hafi þess vegna valið þann kostinn að láta þær heldur liggja ónotaðar. Hann hafi þannig ekki leigt og engum heimilað að leigja eða láta nota eignir sínar í Hafnarfirði, og engan eyri fengið í leigu eða arð af þeim á útsvarsárinu.

Það verður nú eftir því sem upplýst er í málinu að ganga út frá því, að gjörðarþoli hafi ekki haft arð af eignum sínum í Hafnarfirði á útsvarsárinu, hvorki beinan arð né hina svonefndu þöglu rentu, þ. e. eignirnar hafi hækkað í verði á nefndum tíma. Ber þess vegna að rannsaka hvort heimild sé til útsvarsálagningar, þrátt fyrir það. Áður en l. nr. 46 frá 1926, um útsvör, komu til sögunnar, giltu ekki sömu lög um útsvör um allt land, sérstök lög giltu í sveitum landsins og sérstök lög fyrir hina einstöku kaupstaði. Hafði lögum þessum á hinum seinna árum verið breytt oft, og stöðugt færðar út kvíarnar fyrir heimild niðurjöfnunarnefnda til að leggja útsvör á menn heimilisfasta utan viðkomandi héraðs. Lög þessi gerðu ekki almennt greinarmun á mönnum heimilisföstum erlendis og mönnum heimilisföstum hér á landi, en utan þess sveitarfélags, þar sem um var að ræða útsvarsálagningu, en það virðist hafa verið meginregla, að það hafi verið skilyrði til að leggja útsvör á menn heimilisfasta utan sveitarinnar eða kaupstaðarins, að þeir hefðu þar atvinnu eða starfrækslu einhverja. Minnstar kröfur í þessu efni gerðu lög nr. 29 frá 1922, er heimiluðu að leggja útsvar á utansveitarmenn er stunduðu laxveiði sér til skemmtunar Hinsvegar nægði ekki það eitt, að menn heimilisfastir utan kaupstaðarins eða sveitarinnar ættu eignir þar, jafnvel þó þær æfu einhvern arð, til útsvarsálagningar, ef starfræksla

eða einhver afnot voru ekki samfara af þeirra hendi, sjá þó lög nr. 61 frá 1919. Lög nr. 46 frá 1926 um útsvör gera nú greinarmun á 1) aðiljum, heimilisföstum innan þess héraðs, þar sem útsvarið er lagt á, 2) mönnum heimilisföstum hér á landi, en utan þess héraðs, þar sem útsvarið er lagt á, og 3) mönnum heimilisföstum erlendis. Um gjaldþegna heimilisfasta hér á landi, en þó utan þess héraðs, þar sem um álagningu útsvara er að ræða, gildir gamla reglan, að ekki nægir að þeir eigi þar eignir, ef þeir starfrækja þær ekki sjálfir útsvarsárið, né hafa önnur afnot þeirra, sbr. 8. gr. laga nr. 46 frá 1926, og hæstaréttardóm i málinu nr. 76/1930, en til þessara eigna er tillit tekið, er lagt er á þá útsvar þar sem þeir eru heimilisfastir. Við menn heimilisfasta erlendis er ekki hægt að beita hinni síðast nefndu reglu, en með lögum nr. 46 frá 1926, 6. gr. B 2 er, auk þess sem eldri reglan um starfrækslu og atvinnu þessara manna hér á landi eru látnar haldast, sú nýja regla sett um þetta, að leggja megi útsvar á menn þessa, ef þeir „eiga hér eignir er arð gefa“.

Þegar nú er athugað 1) það, sem hér að framan er sagt, 2) orð útsvarslaganna eins og þau liggja beinast fyrir og 3) að ekki virðist heimilt að beita rýmkandi lögskýringu við skattalög, sbr. 36. gr. stjórnarskrárinnar, þá verður fógetarétturinn að vera þeirrar skoðunar, að ekki hafi verið heimild til að leggja útsvar það, sem hér er beiðst lögtaks á, á gjörðarþola. Hin rýmkandi skýring ríkisskattaneðndarinnar á ákvæðum útsvarslaganna, hér að lútandi er nokkuð óljós, sbr. orðin „samkyæmt eðli sínu“ og verður ekki á hana fallið.